

**Nd.**

**741. Frumvarp til jarðalaga.**

**[257. mál]**

(Eftir 3. umr. í Ed., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 565 með þessari breytingu:

28. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að selja jarðir eða jarðarluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli jarðanefnd með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Sé sótt um jörð til fastrar ábúðar, sem er leigð lausri leigu, er heimilt að segja slíkum samningi upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga þar eftir. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.